


Grunnskólinn á Þingeyri

Gleði – Ábyrgð - Virðing - Samheldni



Bekkjarnámskrá yngstastigs skólaárið 2022-2023

Íslenska 1. - 4. bekkur

Námsþættir	Hæfniviðmið	Leiðir	Námsmat
Samræður, tjáning og hlustun	○ Beitt skýrum og áheyrulegum framburði. ○ Hlustað og horft með athygli á upplestur, leikið efni, ljóð og söngva og greint frá upplifun sinni. ○ Tjáð sig með aðstoð leikrænnar tjáningar frammi fyrir hópi og staðið fyrir máli sínu. ○ Sagt frá eftirminnilegum atburði og lýst ákveðnu fyrirbæri, endursagt efni sem hlustað hefur verið á eða lesið. ○ Átt góð samskipti, hlustað og sýnt kurteisi.	Innlagnir Samræður Umræður	Leiðsagnarmat í kennslustundum. Kennari gefur hæfnieinkunn í Mentor. Umræða um framvindu í náminu við nemendur og foreldra í foreldraviðtölum eftir þörfum. Námsmat yfir önnina ásamt heildar mati í lok annar.

Lestur og lesskilningur	○ Þekki alla stafina og hljóð þeirra. ○ Lestur verði lipur og skýr. ○ Valið sér lesefni eftir áhuga og þörf og lesið sögur, ævintýri, ljóð og fræðandi efni, sér til ánægju og skilnings. ○ Beitt fáeinum algengum hugtökum í bragfræði svo sem rími, kvæði og vísu. ○ Nýtt góðan orðaforða við að skilja texta og ráðið í merkingu orðs út frá samhengi. ○ Aflað sér upplýsinga úr ýmsum tiltækum gagnabrunnum, svo sem bókum og á rafrænu formi. ○ Tengt þekkingu sína og reynslu við lesefni í því skyni að ná merkingu þess. ○ Beitt hugtökum eins og persónu, söguþræði og umhverfi.	Unnið eftir hugmyndafræði byrjendalæsis, lesinn gæðatexti, unnið með hljóð og tákn, tæknilega vinnu í gegnum leiki og spil og enduruppbyggingu. Nemendur lesa sjálfur bækur í samræmi við hæfni í yndis- og heimalestri. Heimalestur í að m.k. 15. mínútur fimm sinnum í viku. Kennari les bækur í nestistíma eða nemendur hlusta á upplestur. Verkefni í lesskilningi.	Lesfímikönnun er 3. sinnum á skólaárinu
---------------------------------------	--	--	--

Ritun og miðlun	○ Haldið rétt á skriffærum, dregið rétt til stafs og skrifað skýrt og læsilega. ○ Beitt einföldum stafsetningarreglum s.s. að byrja málsgrein á stórum staf og enda hana á punkti. ○ Skrifað og leyft öðrum að njóta þess með upplestri höfundar eða annarra. ○ Nýtt í ritun þekkingu á grunnþáttum í byggingu texta, svo sem upphafi, meginmáli og niðurlagi. ○ Samið texta frá eigin brjósti, svo sem sögu, frásögn, ljóð eða skilaboð.	Bein kennsla. Skriftarbækur. Sögubók. Vinnubækur.	
Málfræði	○ Þekkt og fundið helstu einingar málsins, svo sem bókstafi, hljóð, orð, samsett orð og málsgrein. ○ Leikið sér með ýmis einkenni tungumálsins, svo sem margræðni orða og fundið kyn og tölu. ○ Leikið sér með orð og merkingu, svo sem með því að ríma, og fara í orðaleiki. ○ Raðað í stafrófsröð og gert sér grein fyrir notagildi þess við leit og skipulag. ○ Búið til málsgreinar. ○ Gert sér nokkra grein fyrir orðflokkunum nafnorð, sagnorð og lýsingarorð ○ Greint mun á samnöfnum og sérnöfnum og m.a. bent á þau í eigin texta.		

Stærðfræði 1. – 4. bekkur

Námsþættir	Hæfniviðmið	Leiðir	Námsmat
Að geta spurt og svarað með stærðfræði Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar Tölur og reikningur	○ Tekið þátt í samræðum um spurningar og svör sem eru einkennandi fyrir stærðfræði. ○ Sett fram, meðhöndlað og túlkað einföld reiknilíkön, talnalínur, teikningar og myndrit sem tengjast umhverfi hans og daglegu lífi. ○ Notað hentug verkfæri, þar með talin hlutbundin gögn, reiknirit, talnalínu, vasareikna og tölvur, til rannsókna á stærðfræðilegum viðfangsefnum. ○ Túlkað og notað einföld stærðfræðitákni, þar með talið tölur og aðgerðamerki og tengt þau við daglegt mál. ○ Lesið og rætt um einfaldar upplýsingar, þar sem stærðfræðihugtök eru notuð. ○ Notað stærðfræði til að finna lausnir á verkefnum sem takast þarf á við í daglegu lífi og gerir sér grein fyrir verðgildi peninga. ○ Notað náttúrlegar tölur, raðað þeim og borið saman. ○ Notað tugakerfisrithátt. ○ Leyst viðfangsefni sem sprottin eru úr daglegu lífi og umhverfi, með hugarreikningi, vasareikni, tölvuforritum og skriflegum útreikningum. ○ Reiknað með náttúrlegum tölum á hlutbundinn og óhlutbundinn hátt.	Bein kennsla Samræður Vinnubækur Gagnvirkir vefir Stærðfræði öpp Spil	Leiðsagnarmat í kennslustundum. Kennari gefur hæfnieinkunn í Mentor. Umræða um framvindur í náminu við nemendur og foreldra í foreldraviðtölum og eftir þörfum. Símat yfir önnina og heildarmat í lok annar.

Tölfræði og líkindi	○ Safnað gögnum í umhverfi sínu og um eigið áhugasvið. ○ Talið, flokkað og skráð, lesið úr niðurstöðum sínum og sett upp í einföld myndrit. ○ Tekið þátt í umræðum um gagnasöfnun og myndrit, bæði eigin og annarra.		
----------------------------	--	--	--

Náttúru- og samfélagsgreinar 1. – 4. bekkur

Námsþættir	Hæfniviðmið	Leiðir	Námsmat
Að búa á jörðinni Náttúra Íslands Vinnubrögð og færni Umhverfisgreind Geta til aðgerða	- Fylgst með og skráð upplýsingar um veður í heimabyggð. - Lýst breytingum á náttúru Íslands eftir árstíðum og áhrifum þeirra á lífsskilyrði fólks. - Fjallað um samspil manns og náttúru. - Nefnt dæmi um einkenni og stöðu Íslands í heiminum í ljósi legu, sögu og menningar. - Sagt frá og framkvæmt með hversdagslegum hlutum einfaldar athuganir úti og inni. - Skráð atburði og athuganir, s.s. með ljósmyndum, teikningum, eigin orðum og sagt frá þeim. - Hlustað á og rætt hugmyndir annarra. - Útskýrt valda atburði og hugmyndir á fjölbreyttan hátt. - Lýst eiginleikum hljóðs og ljóss og ýmsum fyrirbærum með tilliti til hljóðs og líta. - Sagt frá eigin upplifun á náttúrunni og skoðun á lífveru í náttúrulegu umhverfi. - Rætt eigin lífssýn og gildi, gert sér grein fyrir samspili náttúru og manns. - Sýnt virkni og látið sig varða nánasta umhverfi og lífsskilyrði lífvera í því.	Samræður Umræður Bein kennsla Vinnubækur tengdar því efni sem unnið er með yfir skólaárið. Umsjónarmaður dagsins segir hvaða dagur er og hvernig veðrið er. Það er skráð á þar til gert plakat.	Leiðsagnarmat í kennslustundum. Kennari gefur hæfnieinkunn í Mentor. Heildarmat í lok anna. Umræða um framvindu við nemendur og foreldra í foreldraviðtölum eftir þörfum.

Lífsskilirði manna Heilbrigði og umhverfi Ábyrgð á umhverfinu	○ útskýrt á einfaldan hátt byggingu og starfsemi mannslíkamans ○ Útskýrt á einfaldan hátt hvernig barn verður til og þekki einkastaði líkamans ○ Útskýrt mikilvægi hreyfingar, hreinlætis, hollrar fæðu og svefns ○ Útskýrt á einfaldan hátt byggingu og starfsemi mannslíkamans ○ Flokkað úrgang. ○ Gert sér grein fyrir gildi náttúru og umhverfis og mikilvægi góðrar umgengni		
---	--	--	--

Lífsleikni 1-4 bekkur

Námsþættir	Hæfniviðmið	Leiðir	Námsmat
Hugar- og félagsheimur Sjálfstæði og samvinna	○ Sýnt tillitssemi og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra og umhyggju í leik og starfi. ○ Tekið þátt í samstarfi og samræðu í jafningjahópi. ○ Áttað sig á ýmiss konar afleiðingum athafna sinna. ○ Áttað sig á og lýst ýmsum tilfinningum, svo sem gleði, sorg og reiði. ○ Gert sér grein fyrir jafngildi sínu og annarra manna. ○ Tekið þátt í samstarfi og samræðu í jafningjahópi. ○ Sýnt að hann virðir reglur í samskiptum fólks, skráðar og óskráðar, og nefnt dæmi um slíkar reglur.	Innlögn Samræður Hópavinna	Leiðsagnarmat í kennslustundum. Kennari gefur hæfnieinkunn í Mentor. Umræða um framvindu við nemendur og foreldra í foreldraviðtölum eftir þörfum.

Upplýsingatækni 1-4 bekkur

Námsþættir	Hæfnivíðmið	Leiðir	Námsmat
Vinnulag og vinnubrögð	○ nýtt upplýsingaver sér til gagns og ánægju, s.s. til lesturs, hlustunar og leitarnáms. ○ nýtt rafrænt námsefni á einföldu formi til stuðnings við vinnutækni og vinnulag. ○ Sýnt frumkvæði og tekið þátt í samvinnuverkefnum undir leiðsögn. ○ gert sér grein fyrir ólíkum aðferðum við notkun á ýmsum tæknibúnaði. ○ Beitt undirstöðuatriðum í fingrasetningum.	Innlögn Einstaklings og hópavinna	Leiðsagnarmat í kennslustundum. Kennari gefur hæfnieinkunn í Mentor.
Upplýsingaöflun og úrvinnsla	○ Leitað upplýsinga og nýtt við verkefnavinnu. ○ Nýtt rafrænt og gagnvirk námsefni. ○ Unnið með heimildir. ○ Ýtt upplýsingatækni og forrit við uppbyggingu einfaldra verkefna. ○ Nýtt hugbúnað/forrit við framsetningu á einföldum tölulegum gögnum.		Umræða um framvindu við nemendur og foreldra í foreldraviðtölum og eftir þörfum.
Tækni og búnaður	○ Notað hugbúnað/forrit við einföld ritunarverkefni og framsetningu tölulegra gagna. ○ Notað einfaldan hugbúnað/ forrit við myndvinnslu. ○ Nýtt hugbúnað við einfalda vefsmíð. ○ Lýst á einfaldan hátt eigið upplýsinga- og miðlalæsi.		

Sköpun og miðluna Siðferði og öryggismál	○ Notað hugbúnað/forrit við miðlun þekkingar á einfaldan hátt. ○ sýnt ábyrgð í meðferð upplýsinga. ○ farið eftir einföldum reglum um ábyrga netnotkun og er meðvitaður um siðferðislegt gildi þeirra.		
--	---	--	--